


Jarðeldar ógna byggð í Vestmannaeyjum



Frá gosinu í Eyjum. (Mynd v.h.)



Þúsundir Vestmannaeyinga voru fluttir á bátum og í flugvélum í land í nótt, er eldgos varð í Hløgafelli austanverðu. Eldgosið kom upp um klukkan tvö um nóttina og stóðu flutningar á mannskap fram undir morgun. Í þessari aukaútgáfu Þjóðviljans eru birtar fréttir og myndir af gosinu og frá Eyjum. Bládamenn Þjóðviljans fóru á vettvang strax í nótt. Vilborg Harðardóttir segir hér fréttir frá Eyjum. Úlfar Þormóðsson skráir viðtöl við fyrstu Eyjamennina, sem til lands komu á Reykjavíkflugvöll, birt eru viðtöl við þá fyrstu sem komu til Þorlákshafnar — með Halkion sem fór til lands með 300 manns og sagt er frá jarðfræði Vestmannaeyja með viðtölum og greinum.

Þá eru birt viðtöl við jarðfræðingana dr. Sigurð Þórarinsson og Þorleif Einarsson. Í blaðinu á morgun, miðvikudag, segjum við frá því, er bátarnir fluttu fólk til lands frá Eyjum, til Þorlákshafnar og Reykjavíkur.

Síðustu fréttir

Klukkan hálf tíu í morgun tilkynntu almannavarnir að allir, sem eftir eru í Vestmannaeyjum væru beðnir að hafa samband við lögreglustöðina. Síðustu flugvélar væru að yfirgefa bæinn.

Klukkan að ganga tíu var tilkynnt að íbúar Kirkjubæjar hafi sloppið út á náttfötunum einum fata og um borð í bát. Einnig var sagt að bærinn myndi nú líklega kominn undir hraun.

Annáll útvarpsfrétta í nótt af eldgosinu



Þessi mynd sýnir nokkuð vel hvar vettvangur eldgoss og braunrennslis er í Vestmannaeyjum í dag. Kirkjubær er austasta byggðin í Eyjum og þar eyðilögðust mannvirki. Í Kirkjubæ býr Þorbjörn Guðjónsson, kúabóndi, sá eini í Eyjum. Nokkru neðar er Kirkjubær er mikil nýbyggð og við rætur Helgafells allstór íbúðahverfi. Ef svo fer að braunrennslíð heldur áfram er höfnin í mikilli hættu, en frá sprungunni að höfninni eru 700-800 metrar og er höfnin í hættu eru mannvirki þar einnig í hættu.

„Ég vaknaði tæplega tvö við brunalúður“

Eldgosið í Vestmannaeyjum byrjaði stuttu fyrir klukkan 2 í nótt, en jarðskjálfta varð vart strax um kl. 10 í gærkvöld.

Ríkisútvarpið byrjaði fréttalutning af atburðunum nokkru fyrir klukkan 4 í nótt og var fréttum og tilkynningum útvarpað jafnt og þétt. Öllum fréttum bar saman um að íbúar Vestmannaeyja hafi tekið þessum ógnaraburðum af sérstakri hugþryði og rósemi og engin ofsahræðsla náð að gripa um sig. Björgunarstarf fór fram á skipulegan hátt.

Kviði okkar í landi hefur sennilega náð hámarki, þegar útvarpið tilkynnti að hætta gæti verið á að hraunstraumurinn lokaði Vestmannaeyjahöfn, en flugvöllurinn tæplega fær nema í byrjun.

Við rekjum hér annál fréttu útvarpsins, eins og þær bárust í nótt.

Um hálfimmleytið átti fréttamaður útvarpsins, Jón Asgeirsson samtal við Oldu Björnsdóttur. Hún sagði m.a.

— Við erum að fara niður á bryggju. Það heyrast miklar sprengingar, gosið er ískuggilega nálægt og eyjan er svo lítil. Við ætlum að vera róleg, biðjum guð að hjálpa okkur. Ég vaknaði tæplega tvö við brunalúður. Ég sá mikinn eld sem ég hélt að væri í næstu húsum. Ég vakti manninn, hann sá strax að þetta væri eldgos. Veðrið er mjög gott. Nú virðist bylja á þakinu. Nei, það er bullandi rigning. Nei — þetta er víst aska sem bylur nú allt í einu á þakinu. Ég hef heldur róast við að tala í símann...

Alda býr á Tungötu 22, þau hjón eiga fjögur börn. Um sama leyti bárust fréttir

um að buið væri að manna heimaátana. Biðu þeir eftir fyrir-mælum í sambandi við brottflutning fólks.

Óttast var um höfnina í Eyjum ef hraunstraumurinn beindist þangað. Tilkynnt að sprungu væri komin í flugvöllinn, en litlar vélar gætu samt lent.

Tilkynnt að Melaskóli og Arbæjarskóli í Reykjavík yrðu nýttir til að taka á móti fólki úr Vestmannaeyjum, og kennsla félli þar því niður.

Kl. 4. Fréttamaður útvarpsins talar við Magnús Magnússon bæjarstjóra í Vestmannaeyjum.

Magnús sagði: Við urðum fyrst vör við jarðskjálfta um kl. 10 í gærkvöld. Fólk lét sér detta í hug að ef til vill væri Katla farin að gjosa. Nú verður ekki vart við jarðskjálfta lengur. Austurströnd

Heimaeyjar logar öll suður að Helgafelli og niður undir höfn. Stórir gjallhlunkar falla hér og þar. Ég tel að ekki sé um bráða lífshættu að ræða. Nú þegar eru allmargar konur, börn og gamalmenni komin um borð í báta, sem munu flytja fólk til lands.

— Tilkynnt var frá almannavörnum, að íbúar í Reykjavík, Vestmannaeyjum og Þorlákshöfn væru beðnir að nota ekki síma nema í brýnni nauðsyn, þar sem álag á símann gerði mjög erfitt fyrir að ná nauðsynlegu sambandi við Vestmannaeyjar

Kl. 4.20. Almannaþingir beina þeim til-mælum til allra íbúa Vestmannaeyja, að þeir fari niður að höfn og hafi með sér nagan fatnað. Allir verði fluttir með bátum og skipum til lands nema sjúklingar með þyrlum. Tilkynnt að Reykjavíki, Brúarfossi, Dettifossi og Hofsjökull séu lagðir af stað (í þann veginn að leggja af stað) til Vestmannaeyja til fólksflutninga — sagðir munu koma um hádegi til Eyja. Tilkynnt að Gullfoss muni fara síðar.

Kl. 4.42. Útvarpið talar við Einar Val Bjarnason, lækni á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum.

Einar sagði: Við eigum von á 2 þyrlum til að flytja sjúklingana. Sú fyrri á að lenda eftir 10 mínútur og hin litlu síðar. Þær munu geta lent á flugvöllum. Sjúklingarnir hér á spítalanum munu vera milli 30 og 40, en auk þess hefur nokkuð af gömlu fólki leitað hingað.

Við flytjum fólkið út á flugvöll í rutubílum og með vörubílum. Með hvorri þyrlu verður hægt að

flytja um 20 manns með því að sumir liggja eða standi á gólfinu. Hér er allmikill óskufall og hávaði og gjall dynur á húsum.

Kl. 4.50. Tilkynnt að almannaþingir hafi haft samband við öll sjúkrahúsini í Reykjavík og beðið starfslið þeirra að vera til taks, ef á þyrfti að halda. Tilkynnt að Strætisvagnar séu á leið til Þorlákshafnar til að flytja Vestmannaeyinga þáðan til Reykjavíkur.

Útvarpið skýrir frá því að gos-sprungur séu þrjár, þetta sé hraungos með vikur- og óskufalli. Öll austurströnd Heimaeyjar standi í loga. Hraunið renni til sjávar að austan og norður undir höfnina. Búið er að flytja eitthvað

af sjúklingum og sumir heima-bátar lagðir af stað til lands hlaðnir fólki.

Tilkynnt að bátar séu farnir frá Þorlákshöfn til fólksflutninga og skip Eimskipafélagsins muni koma þangað kl. 12.30.

Kl. 5.08. Almannaþingir tilkynna, að um 3000 manns sé komið um borð í heimabáta, og að ekki sé talin ástæða til að Hofsjökull og Gullfoss fari til Eyja, en þrjár Fossar voru áður lagðir af stað. 8-10 bátar lagðir af stað frá Grindavík og fór sá fyrsti strax kl. 3 í nótt.

Kl. 5.15. Tilkynnt að Þrengslavegur hafi verið lokaður fyrir annarri umferð en fólksflutningum frá Vestmannaeyjum. Beðið um að enginn hringi til Vestmannaeyja nema í brýnum erindum.

Kl. 6.00. Tilkynnt að 2 flugvélar frá Flugfélagi Íslands séu lentar í Vestmannaeyjum og fólk bent á að nota þær. Tilkynnt að um 3500 manns sé komið á leið til lands, en íbúar Vestmannaeyja eru á milli 5 og 6000.

Kl. 6.10. Tilkynnt að engum vélum verði að sinni leyft að fljúga frá Reykjavík áleiðis til Eyja nema þeim, sem annist fólksflutninga.

Áskoranir

Éttingjar Vestmannaeyinga í landi eru hvattir til þess að reyna ekki simhringingar til Eyja.

Hjúkrunarkonur og sjúkraliðar eru beðnir að hafa samband við yfirhjúkrunarkonu Landsspítalans því þangað koma 40 sjúklingar frá sjúkrahúsinu í Eyjum.

Eru þeir sem færir eru að rétta hjálparhönd á sjúkrahúsum hvattir til að gefa sig fram sem fyrst.

Annáll útvarpsfréttia í nótt af eldgosinu

Allir hafa tekið þessu með stakri ró og hugprýði

Símtal við blaðamann Þjóðviljans staddan í Eyjum kl. 6.30 í morgun

Vilborg Harðardóttir blaðamaður lagði af stað til Eyja með flugvél frá Vængjum í morgun kl. hálfimm. Hún segir hér frá fyrstu tíðindum í símtali sem Þjóðviljinn átti við hana klukkan hálfsjö í morgun:

Þegar við komum til móts við Eyrarbakka og Stokkseyri þá byrjum við að sjá bjarmann. Hann varð æ meiri og það var mjög einkennilegt að sjá þetta. Maður sá eins og samfelldan eldbjarma bak við bæinn, maður sá ljósinn í bænnum og svo eldbjarmann bera við himinn bak við.

Ég fór með Almannaevörnum. Mér vélinni voru Sigurður Þorsteinsson, formaður Almannaevanna og ýmsir menn af lögregluvaktinni.

Ég gekk upp á hæðina fyrir ofan flugvöllinn og komst ansi nálægt gosstaðnum. Gosið hefur aukizt mikið síðan það byrjaði. Fólkir ber herna ekki alveg saman hvenær gosið byrjaði, sumir segja eitt, aðrir hálf tvö. En mönnum ber saman um að það heyrðust talsverðar drunur fyrst og fylgdi jarðskjálfti og við hann vöknudu margir. Til dæmis vöknudu Gunnar Sigmondsson og kona hans við að lampi féll á gólfid og héldu að miðstöðin hefði sprungið hjá sér. Þeim var lítið út og sáu þau bjarma og héldu fyrst að það væri kviknað í. En svo sá fólk náttúrlega fljótt hvers kyns var.

Fyrstir fóru sjúklingar

Þegar ég kom upp að flugvellinum aftur eftir að hafa gengið upp á hæðina var þar kominn rúta með fólk frá sjúkrahúsinu, það er buið að flytja allt fólk af sjúkrahúsinu núna, það voru forgangshóparnir í flugvélarnar, fólk af sjúkrahúsinu, af elleimilinu og rúmliggjandi sjúklingar úti í bæ. Ég talaði við Einar Val sjúkrahúslækni, og hann sagði að flutningarnir af sjúkrahúsinu hefðu gengið alveg ótrúlega vel, og það hefði ekki orðið vart við neina skelfingu, gekk allt mjög rólega fyrir sig.

En mér finnst sorglegt að horfa á þetta gamla fólk, það var hálfjökrandi sumt sem vonlegt er, manni fannst það hefði það á tilfinningunni að það væri að yfirgefa Vestmannaeyjar fyrir fullt og allt. Þarna var einnig verið að flytja nokkur ungbörn.

Einar Valur sagði mér, að það hefðu verið alls þrjátíu og tveir á sjúkrahúsin og tuttugu og fjórir á Elleimilinu og svo nokkrir sjúklingar úti í bæ.

Allt þetta fólk er buið að flytja á brott

70 bátar farnir

Ólafur Sigurðsson lögregluþjónn sagði mér, að það hefði viljað svo vel til, að allir bátar voru í höfn. Og það var strax farið að flytja fólk á brott, fyrst að sjálfsögðu börn og konur.

Núna (samtalið er sem fyrr segir tekið niður rétt fyrir sex) virðist sem flestir séu farnir á brott sem átla sér á annað bord að fara. Þegar maður gengur um bæinn, þá er hálfpartinn verið að segja manni á brott, spyrja hvort ég ætli ekki að taka bátinn. Síðasti Vestmannaeyjabáturinn var að fara rétt í þessu, ég held hann heiti Ásberg. Þá var klukkan samsagt hálf sex. En svo hafa verið að koma bátar af hafi, af miðunum. Mér er sagt að Halkión hafi farið fyrstur héðan til Þorlákshafnar og var hann með 300 manns. Hinir hafa farið með svona um fimmtíu manns. Það veit eiginlega enginn hve margir eru farnir núna, en þeir halda að það séu svona sjötíu bátar farnir héðan.

Það veit eiginlega enginn heldur hve margt fólk er eftir. Eg var niðri á lögreglustöð áan. Þar eru komnir 23 lögregluþjónnar frá Reykjavík til viðbótar þeim sem fyrir eru hér. Og svo er náttúrulega

slökkviliðið og hjálparveitir, sem ganga hér um með hjálma. Og þeir eru nú að ganga í húsina og athuga, hvort eitthvað fólk er eftir og reyna að fá það til að fara.


Gjall yfir öllu

Þegar maður gengur um göturnar þá er hér mikill fnykur, brennisteinsfnykur, og það rignir yfir mann gjallinu. Það er ósku- og fljallag hér yfir öllu, en það er ekki eins stórgert og var í Heklungosinu. Við fórum í austurátt, í átt að Kirkjubæ.

Og þá varla sá maður frá sér, því það verður svo mikill múkkur þar sem hraunin rennur í sjóinn.

Það er eitthvað meira af mannvirkjum komið undir hraun. Vitinn fór fyrstur, vitinn út af Urðunum, hann fór bara undir eins, í fyrstu sprengingunni. Og það hefur kviknað í einhverjum iðubárhúsum austast á eyinni. Það hefur ekki orðið manntjón, en það er ekki vitað hvort tekizt hefur að bjarga skeppunum á Kirkjubæ. Ég hefi spurt að því, hvort hafi orðið meisl á fólk, en þeir vissu ekki til þess að svo væri. En það hefur flogið fyrir að einhverjir hafi dötti í sjóinn.

En það ber annars öllum saman, að þessu hafi verið tekið með sérstakri ró og hugprýði af öllum, og þá eins börnum sem gamalmönnum. En það er helzt að gamla fólkid sé sorgbitið og tregt að fara og finnst eins og það eigi ekki afturkvæmt.



Þessi uppdráttur sýnir aðaldrættina í sköpulagi Heimaeyjar, en hann birtist í Árbók F. 1. 1948 með grein dr. Trausta sem annars staðar er til vitnað hér í blaðinu.

Sigurður nýkominn og að fara aftur

Hér er stutt viðtal við Sigurð Þórarinsson jarðfræðing, sem tekið var er hann var að stiga út úr útvarphúsinu nýkominn frá Eyjum á leið til Eyja aftur.

Sigurður Þórarinsson jarðfræðingur hafði lítinn tíma til að sinna okkur, þegar við náðum í hann. Hann var að fara til Eyja með Birni Pálssyni og var ætluð þeirra að lenda þar og dveljast eitthvað.


— Þetta er fyrsta gos í Vestmannaeyjum í 4-5000 ár sagði Sigurður, og er í brekkunni

austan við Helgafell. Þetta er ein sprunga, um það bil einn og hálfur km á lengd og einn samfellur eldvegur. Þó er eins og inni í veggnum séu margir litlir

Viðbúnaður á Landspítala

Við höfðum samband við Landspítalann í morgun, og var þar mikið að gera við að taka á móti sjúklingum frá Vestmannaeyjum.

Var okkur sagt, að gera mætti ráð fyrir að 30-40 sjúklingar frá Eyjum kæmu á spítalann. Ekki sagði heimildarmaður okkar vera vandræði með sjúkrarúm, enda mætti lengi koma fyrir sjúklingum í slíkum tilfellum sem þessum. — hm



Við höfðum í morgun samband við Þorleif Einarsson jarðfræðing, til að spyrja hann um gosið og eðli þess. Við spurðum fyrst hve lengi hann héldi að gosið gæti stöðað.

— Það er erfitt að segja. Í þessu tilfelli er aðeins hægt að miða við Surtseyjargosið, en það var sama eðlis. Það stóð í þrjú og hálf ári. Þannig má búast við langvarandi gosi, en því gæti að sjálfsögðu lokið strax í dag eða fljótlega. Við verðum bara að vona það besta.

— Hagar betta gos sér eins og Surtseyjargosið?

— Nei. Þetta gos er á þurru og er hraungos. Surtseyjargosið hófst sem óskugos og var sem slíkt í fimm og hálfan mánuð, en þá tók að renna hraun, eftir að sjór hætti að renna í gígana.

— Gæti gosvirknin breytzt og þá gosið á öðrum stöðum.

— Eins og í Surtseyjargosinu gæti það að sjálfsögðu skipt um gosrásir, þ.e. komið upp á öðrum stöðum.

— Hvað skeður, ef sprungan lengist?

— Lengist sprungan, fer hún út í sjó í hvora áttina sem lenging yrði. Í stað hraungoss kæmi þá sprengi- eða óskugos og myndi þá vikur dreifast eftir vindátt yfir umhverfið. Hins vegar er það reynsla okkar af sprungugosum á Íslandi, að gosvirkni dragi sig inn að miðju sprungunnar, er á gosið líður og myndi þá hraunið renna til austurs, að minnsta kosti fyrsta kastid, og þar af leiðandi valda litlu tjóni. Við skulum vona að svo verði. — hm

SPRUNGUVIÐGERÐIR —

ÞAKRENNUR —

Lekur húsið? — Lekur rennan? Við sjáum um viðhaldið. Reynið viðskiptin.

Vilhjálmur Húnfjörð. Sími 50-3-11.

Um 50 metra hár samfelldur eldur

Samkvæmt lýsingu Sigurður Þórarinssonar, jarðfræðings, sem flaug yfir gosstöðvarnar í nótt er gosið í Helgafelli dæmigert spurmgugos. Gossprungan er um einn og hálfur km á lengd. Á sprungunni eru 50-60 eldstólpur, sem mynda samfelldan eldvegg 40-50 metra háan.

Bærinn ekki í bráði

hættu, en dragist gosið á langinn er hætt við að ný spurnga kunni að opnast. Flugvellinum og höfninni gæti báðum verið hætt áður en langt um liður.

Sigurður Þórarinsson, jarðfræðingur, var einn þeirra, sem fyrstir flugu yfir Vestmannaeyjar í nótt. Sigurður fór með flugvél frá Birni Pálssyni, og voru þeir komnir til baka um klukkan hálf sex í morgun.

Stuttu fyrir klukkan 6 sagðist Sigurði Þórarinssyni svo frá í samtali við ríkisútvarpið:

Gosið er dæmigert sprungugos, svipað og Surtseyjargosið nema allt á þurru. Má heita hreint flæðigos.

Sprungan er svona 1 og hálfur km á lengd og liggur með svipaðri stefnu og í Surtsey. Sprungan er austan í Helgafelli og yfir í vikið hjá Bötinni og norður undir Kirkjubæ.

Þetta er löng sprunga, en hún gæti tæplega haft heppilegri stefnu með tilliti til byggðarinnar, úr því að svona er komið á annað borð.

Eg tel að bærinn eigi ekki að vera í bráði hættu. Það var að sjá samhangandi gos á allri sprungunni. 50-60 eldstólpur og hæð þeirra 40-50 metrar í loft upp. Allt einn samhangandi eldveggur. Hraunið rennur til austurs eða suðausturs.

Beint austur af Helgafelli

steypast tver stórar hraunkvislar ofan í sjó, en til endanna er hraunstraumurinn ekki jafn öflugur.

Gosið virðist hafa byrjað mjög svipað og seinna gosið í Surtsey. Kemur rólega upp um sprungu. Ef sprungan lengist er hætt við óskugosi.

Sprungan er a.m.k. þriðjunglengri en gossprungan í nágrenni Heklu nú fyrir fáum árum.


Rennsið er ekki hraðar en það, að fólk á að geta forðað sér undan og því vart bráð lífshætta að sinni, en ef gosið verður langt getur opnast önnur sprunga, þegar þessi fer að lokast.

Eg vill engu spá um það, hvað gosið kann að standa lengi en minna má á að Surtseyjargosið stóð á 4. ár og var það reyndar eitt lengsta gos á sögulegum tíma hér á landi. Surtseyjargosið byrjaði einnig sem sprungugos, þó gígurinn yrði síðar hringlaga.

Eyjarnar í Vestmannaeyjum eru allar myndadar við gos og yfirleitt í einu gosi hver eyja.

Eg tel ástæðu til að flytja fólk frá Vestmannaeyjum, þó að hættan sé ekki bráð. Það þarf ekki mikið að gerast til þess að flugvöllurinn og jafnvel höfnin lokist.

Hætt er við að hraunið breyti um stefnu um leið og það fer að storkna og mun hraunið væntanlega tillöðulega fljótt teygja sig í átt að höfninni. En ég hef engar sérstakar ráðleggingar að gefa fólkni aðrar en þær að taka hlutunum rólega.



Eljónin í Kirkjubæ, Þorbjörn Guðjónsson og kona hans.

Síðustu fréttir úr Eyjum

Um klukkan hálf-niu í morgun hringdi Vilborg Harðardóttir blaðamaður Þjóðviljans eftirfarandi fréttir til blaðsins, og eru það síðustu upplýsingar sem blaðið getur veitt af vettvangi eldsumbortanna, áður en prentun hefst:

— Ranghermi er það, að Kirkjubæ hafi tekið af í þessum náttúruhamförum. Það er hins vegar ekki hægt að komast þangað. Fært er rétt austur fyrir Vilborgastaði en ekki lengra. Það tókst að bjarga öllum skepnum Þorbjörns bónda í Kirkjubæ og eru þær nú í Hraðfrystistöðinni. Þó fyrst einn hestur hann hljóp út undan sér, komst gneistaflug í hár hans og varð að aflifa hann vegna brunans.

Eg átti tal við Magnús bæjarstjóra fyrir svo sem einni klukkustund. Þá sagði hann að um 4 þúsund bæjarbúar séu farnir í land eða áleiðis til lands í flugvélum, bátum og á skipum. Magnús sagði mér, að hann hefði fundið einhverja okryrrð í jörðinni strax um 10-leytið í gærkvöld, en annars var það ekki fyrr en um eitt í nótt sem flestir fundu til jarðhræringanna.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja kemur saman til fundar núna klukkan 10 árdegis.

— Hefurðu komið nálægt eldstöðvunum?

— Eg fór í bil hérna austur fyrir

áðan og eins og komið varð. Þá verður fyrir manni slíkur veggur af gosefnum í loftinu að maður sér ekki handa sinna skil! Þar er tæpast hægt að ná andanum. Það er mikilfenglegt og ágilegt að sjá gosströkana koma upp úr sprungunni, eina 7 eða 8 taldi ég í röð. Mikinn fnyk leggur um bæinn og fer vaxandi.

— Er nokkur æsingur í fólkni?

— Það er aðáunarvert hvað fólk tekur þessum ósköpum af miklu jafnaðargeði og æðruleysi. Fólk er mjög stillt og gengur í skipulegum ræðum um borð í flutningatækin. Nokkrir munu þá hafa dottið í sjóinn, en ég held það hafi ekki verið alvarlegt.

Það hefur bjargað miklu, að vindur stóð þannig í upphafi gossins að strókin lagði út á sjó og burt frá bænum. Hann var þá á norðvestan, en síðan hefur hann orðið suðlægari. Það berst því mun meira yfir bæinn núna en þegar ég kom hér fyrst í nótt.

— Að lokum, Villa — hver verður síðastur til að yfirgefa Vestmannaeyjar?

— Það verð ég!

500 EFTIR

Um 500 manns voru eftir í Eyjum klukkan hálf nju að sögn útvarpsins.

25050
SENDIBÍLASTÖÐIN HF


HERRAMANNS
MATUR
Í HÁDEGINU

ÓDAL
VIÐ AUSTURVÖLL


Ókkur vantar
fólk til að bera
út blaðið

Skjól
Hringbraut
Hjarðarhaga
Miðbæ
Höfðahverfi
Háteigshverfi
Alfheima
Teiga
Laugarnesveg
Breiðholt.
Sogamyri

ÞJÓÐVILJINN



Sigurður Þórarinsson



Sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum. Það er nú tæmt eftir atburði nætu innar.

4 skólar lokaðir 3 strætisvagna- leiðir einnig

Akstur fellur niður á leið 1-8-9 hjá Strætisvögnum Reykjavíkur.

Kennsla fellur niður í Arbæjarskóla, Austurbæjarskóla og Melaskóla. Einnig fellur kennsla niður í N nntaskólanum við Hamrahlíð.



bankinn er bakhjart

BÚNAÐARBANKINN



Flestir þeir er komu frá Vestmannaeyjum munu halda til hjá ættingjum sínum hér í bænum og meðal þess sem Rauði kross Íslands sá um að gera var að taka niður dvalarstað fólksins svo að ættingjar þess og vinir ættu hægara með að hafa upp á því. A myndinni eru starfsmenn Rauða krossins í flugstöð Flugfélagsins.



Um klukkan 6.30 í morgun lögðu nokkrir vagnar frá SVR af stað til Þorlákshafnar til að sækja fólk sem þangað var komið með bátum. Þeir sem ekki höfðu samstað í borginni voru fluttir í nokkra af skólum borgarinnar, m.a. Melaskóla, Arbæjarskóla og Hamrahlíðarskóla.

Settum traust okkar á sjómennina:

Fer ekki fyrr en ég er búinn að bjarga kindunum

A niunda tímanum í morgun hringdi Vernharður Linnét kennari á Þorlákshöfn.

Hann hafði verið að fylgjast með fyrstu bátunum sem komu með fólk frá Eyjum. Fyrstur kom bátur sem Arnar heitir og flutti hann m.a. fólk frá Elliheimilinu.

Þetta gekk allt mjög vel að koma fólkinu í land. Það er mjög rólegt og ærulaust, eiginlega ótrúlega að því er manni finnst. Við trúum þessu eiginlega ekki enn, sagði sumt af því. Við settum bara allt okkar traust á sjómennina.

Það er ekki gott að vita hve hve

marga hver bátur kemur með, kannski 20-30, það er vont að henda reiður á því.

Núna er háflæði, flæðir jafnvel yfir garðinn. Ekki komast nema fáir bátar inn í einu, verða þeir að lóna fyrir utan og fara aftur út fyrir um leið og þeir eru búnir að losa. Bátunum virðist stöðugt fjölga.

Einn maður hringdi í mig úr Eyjum, ætlaði að hafa samband við bróður sinn á Þorlákshöfn. Hann var búinn að senda allt sitt fólk á brott og svo sængurfötin. En hann ætlaði að vera eftir að bjarga kindum sínum...



Mikið annríki var í flugstöð Flugfélagsins í morgun meðan fólksflutningar stóðu yfir. Um kl. 5.00 kom fyrsta flugvélin með eyjamann og voru það mestmegnis sjúklingar af Sjúkrahúsi Vestmannaeyja. — Myndin er tekin um kl. 7.00.

Litast um á flugvellinum

Úti á flugvelli var margt um manninn og mikill ys og þys. Inni í flugstöð er fólk á þönum — sumir að koma frá Eyjum, aðrir að biða eftir ættingjum sem enn eru ókomin og svo allir fréttamennirnir og ljósmyndararnir. Starfsfólk Flugfélagsins hefur ekki við að sinna fólki því margt er að spyrja: „Hvenær kemur næsta vél?“. „Eru margir eftir?“ o.s.frv.

— Við vöknudum strax um tvöleitið og fórum að lita á gosið. Þetta er austast í bænum en við búum vestast svo okkar hús var ekki í neinni hættu. Við virtum þetta fyrir okkur í dálitinn tíma en fórum svo heim og hugsuðum ekkert um að koma okkur í burtu. En stuttu seinna kom svo lögregluáður úr Reykjavík og sótti okkur. Við vorum þá eina fólkið sem eftir var í okkar blokk.

Næst hittum við fæða en þeir heita Sveinn Magnússon og Magnús Sveinsson og voru eins og Gíslí nýkomnir úr Eyjum.

— Hvernig var ástandið þegar þið fóruð?

— Það voru flestir farnir. Bátarnir fóru flestir fyrir fimm. Við vöknudum við brunalúðurinn. Gosið er þarna rétt við austustu húsina.

— Hvernig tók fólkið þessu? — Það tók því mjög vel. Að sjálfsögðu urðu nokkrir dálítið hræddir en allur fjöldinn tók þessu með ró.

Inni í biðsalnum sat ungur maður með mikið fagurraut háir og skrifar í stílabók. Þegar við gefum okkur á tal við hann kemur í ljós að hann er frakki og kvebist hafa verið að vinna í frystihúsi í Eyjum. Hjá honum situr kunningi hans og landi.

— Við vöknudum við mikinn umgang í frystihúsinu og litum út um gluggann. Þá saum við gosið og brá oneitanlega nokkuð. Við

fórum út og niður að höfn. Það var verið að gera bátana klára því að menn sögðu okkur að hraunið rynni þarna í eina tvo tíma en gegnum svo upp að lög-reglustöð þar sem okkur var sagt að við gætum farið upp á flugvöll og flogið til Reykjavíkur. Þegar við fórum var farið að rigna smásteinum og við stungum nokkrum þeirra í vasann sam minjagripum. Núna sitjum við hér og biðum tveggja vana okkar og landa en þeir komust ekki með sömu flugvél og við.


Þegar við fórum er enn sami yssinn. Rauði krossinn er búinn að koma upp borðum þar sem Vestmannaeyingar eru látnir skrá sig þegar þeir koma. Það er gert svo að ættingjar þeirra eigi hægara með að finna þá.

Jarðskjálfta kippirnir

Einar H. Einarsson bóndi á Skammadalshóli í Myrdal er einn þeirra einstaklinga, sem hefur jarðskjálftamæli frá Orkustofnun á sínum vegum. Þjóðviljinn hafði samband við hann í morgun og spurði hvenær hann hefði fyrst orðið var við hræringar á mælum sínum.

— Fyrstu hræringarnar byrjuðu kl. 20.19, í fyrri nótt, sagði Einar, — og þær urðu samkvæmt minni talningu hálf þriðja hundrad. Samkvæmt mælunum áttu hræringarnar upptök sín í 64 km fjarlægð frá mér. Ég hafði samband við Þórir Ólafsson á Laugarvatni, sem er einnig með mæli frá Orkustofnun. Hann hafði líka fengið þessar hræringar á mælum hjá sér og samkvæmt útreikningum okkar voru upptök þeirra annað hvort vestan Eldgjájar eða við Vestmannaeyjar.

Auglýsingasíminn er 17500



Þriðjudagur 23. janúar 1973

Hvers konar gos?

Í nótt um tvöleytið opnaðist eld-sprungu austan í Helgafelli. Sprungan er um fimmtán hundruð metrar á lengd og hraun streymir upp úr henni að endilöngu en þó mest um miðbik hennar. Sprungan er öll á þurru landi og norðurendi hennar er við Kirkjubæ en suðurendi skammt frá Flugbrautarendanum í vik sem heitir Bót.

Hraunind spýttist upp úr spurgunni eins og sambangandi eldveggur og ná hæstu hraunstrókarinn eða bunurinn ná 40-50 m hæð. Mest er hraunrennslið á miðbiki sprungunnar sem fyrr segir, og rennur þunnfljótandi hraunflóðið aðallega til austurs og suðausturs. Í bili eru ekki líkurlik á að höfnin muni lokast af hraunrennsli.

Af lýsingum að dæma er gosið fremur kraftmikið enn sem komið er, hvað sem verða kann.

A meðan sprungan er öll á þurru landi er ekki líklegt að ósku- eða sprengigösu verði.

4000 til lands klukkan 7

Stjórn Almannaavarna hélt blaðamannafund fyrir klukkan 8 í morgun, en láðist þó að bóða blaðamann frá Þjóðviljanum.

A fundi þessum mun hafa komið fram, að kona nokkur í Eyjum varð fyrst vör við elds-umbrotin og hringdi til slökkviliðsins í Eyjum, því hún hélt að um húsburna væri að ræða.

Almannavarnastjórnin kom til fundar laust fyrir klukkan 3 í nótt, um klukkutíma eftir að vitað var um gosið. Ýmsar ráðstafanir gerðu varnirnar, tam, sendu þær 20 manna lögreglu frá Rvík og Eyja, og eitthvað munu þeir hafa komið nálægt skipulagningu fólksflutninganna frá Eyjum.

Um klukkan 7 í morgun var búið að flytja 4000 manns til lands.

60 voru á sjúkrahúsi í Eyjum

Um 60 sjúklingar voru á sjúkrahúsinu í Vestmannaeyjum að sögn Ólafs Ólafssonar landlæknis. Þeir munu allir vera komnir í land, og var rúmt fyrir þeim pláss á Landspítalanum og í Borgarsjúkrahúsinu.

Röskun áætlanana

Búast má við mikilli röskun á alls kyns áætlunum á landi, í lofti og á sjó í dag.

Strætisvagnar Reykjavíkur hafa sent bíla sína til að flytja fólk frá Þorlákshöfn til Rvíkur, einnig nokkrir sérleyfishafar, og mun því áætlun strætisvagna og áætlunarbíla í nágrenni Reykjavíkur fara úr skorðum.

Flugfélagið hefur boðað röskun á farþegaflugi, því það flýtur fólk frá Eyjum til lands eins lengi og flugvöllurinn í Eyjum verður opin.

Þrjú af skipum Eimskipafélagsins eru á leið til Eyja að sækja fólk, svo áætlun þeirra raskast að einhverju leyti.



Jónas Guðmundsson við komuna til lands. Yngri maðurinn tók á móti Jónasi á flugvöllum.

Almannavarnir: Björgunarskipti gengur mjög vel

Rétt fyrir klukkan átta í morgun hringdum við til almannaavarna og ætluðum að ná tali af Pétri Sigurðssyni, forstjóra þeirra. Hann tók ekki síma, en starfsmaður kvaðst geta sagt okkur, að allt gengi mikið betur en á hefði horft. Nóg er af hjálpartækjum og mikill hluti Eyjaskeggja kominn til lands.

Ekki var unnt að fá frekari upplýsingar því skömmtun var á samtala- lengd, en samtalið hafði staðið í 15 sekúndur.

„Blessaður vertu, það var alveg óskaplegt að sjá“

Fimm mínútur yfir 6 í morgun lenti fyrsta flugvélin með fólk frá Vestmannaeyjum í Reykjavík, Snarfaxi Flugfélags Íslands. Talsverður viðbúnaður var á flugvöllum, lögregla, slökkvilið og sjúkrahöfn.

Nokkur hópur manna beið í afgreiðslu Flugfélagsins eftir vélinni. Að líkindum voru þetta ættingjar einhverra Eyjamanna, því bæði eftirvænting og kvíði var í andlitum þeirra.

Aftur í Snarfaxa voru farþegar sem rólfærir voru, konur, börn og gamalmenni. Fram úr nefi vélarinnar komu svo sjúklingar í körfum og á börum.

Erfitt reyndist að fá fólk til að segja frá því sem það hafði séð og reynt. Sem vonlegt er var fólk felmtri slegið.

Þó náðum við í aldurniginn mann, Jónas Guðmundsson, en hann sagði:

— Þetta var bara augnabliksmynd sem við fengum af sjálfu gosinu. Við vorum rekin að heiman, og drifin út á flugvöll. Við sáum bjarma af gosinu til bæjarins, en aðeins bjarma. Hins vegar sáum við gig við gig þegar við komum á loft og flugum til Eyjarnar. Blessaður vertu, þetta var alveg óskaplegt að sjá.

Loftleiðamegin á flugvöllum var hins vegar lendingastaður fyrir þyrlur. Þar var öllu meiri viðbúnaður og slíkur sægur lögreglumanna, að þeir þvástuð meir fyrir hvor öðrum, en að þeir

drægju úr þvælingi annarra, þegar einn tók þá ákvörðun að meina fréttamönnum og ljósmyndurum aðgang í eina áttina, heimilaði annar það. Allt gekk þetta þó slysalaust fyrir sig. Sjúkrabíllarnir öku upp að þyrlunum, en tverr lentu þar þann tíma sem fréttamaður frá Þjóðviljanum og ljósmyndari voru þar. Þyrlurnar voru frá herliðinu.

Botn þyrlanna var opnaður og út úr þeim voru bornir sjúklingar á börum og færðir í sjúkrahöfn, sem síðar munu hafa ekið þeim á Landspítalan. —úþ.



Sjúklingar fluttir úr þyrlunni yfir í sjúkrahöfn. Lítil stúlka að ganga niður úr vélinni með brúðuna sína í fanginu (Ljós. Gunnar Steinn).